

Alþingi
Erindi nr. P 133/1117
komudagur 20.2.2007

Rannsóknarnefnd umferðarslysa
19.2.2007

Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Meðfylgjandi eru svör Rannsóknarnefndar umferðarslysa vegna fyrirspurna Samgöngunefndar Alþingis. Samgöngunefnd Alþingis óskaði eftir því á fundi þann 13.2.2007 að Rannsóknarnefnd umferðarslysa aflaði frekari gagna varðandi viðurlög við brotum á reglugerð um hleðslu, frágang og merkingu farms og lausra dýra í bílum. Að auki óskaði samgöngunefndin eftir viðbótargögnum um tekjutengingu sekta, bil milli bíla (nálægðarakstur), akstur undir áhrifum stera og skilgreiningu á grófum akstri.

1. Brot á reglugerð nr. 554/2004 um hleðslu, frágang og merkingu farms

Á Íslandi eru viðurlög (sekt) við brotum á reglugerð nr. 554/2005 frá 5.000-50.000 krónum, eftir eðli og efni brots. Brot á reglugerðinni varðar ekki punkt í ökuferilsskrá. Þetta sektarviðmið er nýtilkomið (reglugerð nr. 930 frá 31.október 2006) en áður námu sektir 5-20.000 krónum.

Samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu er reglugerð nr.554/2005 unnin að sænskri fyrirmynd.

Einnig eru í gildi reglugerð um tengingu og drátt ökutækja nr. 394/1992 (sektir frá 5-20.000 krónum) og reglugerð um flutning á hættulegum farmi nr. 984/2000 (sektir frá 30-90.000).

Þann 27.7.2006 hélt Rannsóknarnefnd umferðarslysa fund með fulltrúum lögreglu, Spalar, Vegagerðarinnar og samgönguráðuneytisins vegna óhappa sem orðið hafa í Hvalfjarðargöngunum og varða farmflutninga ökutækja. Þær tillögur einskorðast ekki við flutning um jarðgöng. Lagði nefndin til við samgönguráðherra að sektir fyrir akstur með of háan farm verði endurskoðaðar og hækkaðar verulega eins fljótt og auðið er. Sektir voru hækkaðar þann 31.október 2006 eins og fram hefur komið.

Einnig gerði nefndin það að tillögu sinni að brotið varði punkt í ökuferilsskrá bílstjóra. Hluti vandamálsins er sá að sumir bílstjórnarnir sæta ekki ábyrgð. Þeir eiga á hættu að fá sekt sem að fyrirtækið greiðir. Ef tekið yrði harðar á brotinu og bílstjórar ættu á hættu að missa meiraprófsréttindin myndu þeir eflaust hugsa sig tvisvar um.

Rannsóknarnefndin telur einnig mikilvægt að ná til flutningafyrirtækjanna sjálfra með fræðslu og samtarf. Mörg fyrirtæki vilja fylgja reglunum og hafa sérstaka öryggisfulltrúa. Finna þarf leiðir til að ná til einyrkja og smærri fyrirtækja og ná samstöðu um að fylgja þeim reglum sem settar hafa verið.

2. Laus dýr í bílum

Í gögnum Rannsóknarnefndar umferðarslysa (banaslys í umferðinni 1998-2006) er ekki að finna slys sem rekja má til þess að dýr var laust í bíl. Hjá lögfræðisviði Umferðarstofu fengust þær upplýsingar að engin sér ákvæði væri í lögum eða reglum um laus dýr í bílum. Ekki þekktust dæmi úr erlendri löggjöf um slík ákvæði. Hjá Slysaskrá Umferðarstofu (skráning á öllum umferðarslysum á Íslandi) fengust þær upplýsingar að laus dýr í bílum væru ekki skráð sérstaklega en af og til kæmu skýrslur þar sem ökumenn tiltaka truflun af lausu dýri í ökutæki sem orsök. Í Umferðarútvarpinu hefur verið bent á að bílbelti eru til fyrir gæludýr eins og hunda auk búra og grinda sem sett eru í farangursrými ökutækja.

Í fyrstu málsgrein 73. greinar Umferðarlaga nr. 50/1987 (með áorðnum breytingum) segir: *Gæta skal þess, að farþegar eða farmur byrgi eigi útsýn ökumanns eða tálmi notkun stjórnækja ökutækis.*

Hvort gæludýr flokkast sem farmur, farþegar eða hvorugt skal ósagt látið en inntak lagagreinarinnar mætti yfirfæra á gæludýr.

Að mati nefndarinnar er mönnum og dýrum hættu búin ef árekstur verður og gæludýr eru laus í ökutæki. Nefndin hefur bent á að þess eru dæmi að laus farmur í ökutækjum hafi skaðað ökumenn og farþega. Eins er með farþega sem eru lausir í bílum og hafa skaðað aðra (sjá skýrslu RNU um banaslys í umferðinni 2005).

Nefndin telur eðlilega kröfu að dýr, farmur og fólk sé tryggilega fest í ökutækjum og trufla ekki ökumenn eða valdi skaða ef árekstur verður.

Önnur atriði sem óskað var upplýsinga um á fundinum 13.2.2007.

3. Tekjutenging sekta. Dæmi frá Norðurlöndunum

Danmörk

Þann 1.september 2005 tók gildi nýtt punktakerfi (Klippekort). Þar er meðal annars að finna tekjutengt ákvæði er varðar ölvunarakstur.

Viðurlög (sekt) vegna ölvunarakstur þar sem magn áfengis í blóði er 0.51-2.0 prómill reiknast svo: *Nettó mánaðarlaun margfölduð með áfengismagni í blóði, mælt í prómillum.*

Dæmi til útskýringar

(tekið af síðunni <http://www.sikkertrafik.dk/2eeb3e80/base/34d63e80>)

0.51-2.0prómill

0.51 - 2.0 parts per thousand: Fine = net monthly income x alcohol concentration (ppt).
Example: Monthly salary paid out: 15000 kr. Alcohol concentration: 0.6 ppt. Fine: 9000 kr.

Yfir 2 prómill

Over 2.0 ppt: 20 days suspended prison plus a fine equal to one month's net income.

Finnland


Sektir fyrir hraðakstur í Finnlandi eru tekjutengdar ef ökumaður ekur á meira en 20 km/klst. yfir leyfðum hámarkshraða. Í Finnlandi eru sektir fyrir að aka 20 km/klst. yfir hámarkshraða milli 100-115 evrur (c.a. 9-10 þúsund). Fyrir minniháttar umferðarlagabrot eru sektir að hámarki 50 evrur. Fyrir alvarlegri hraðabrot (ekið 20 km/klst+ yfir hámarkshraða) eru sektir tekjutengdar og reiknast út frá nettó mánaðarlaunum m.v. síðasta skattaframtal.

4. Bil milli ökutækja.

Í Svíþjóð er of stutt bil milli bíla (nálægðarakstur) flokkað sem hluti af “aggressive körning” sem er einkenni fyrir akstursmáta þar sem ökumenn leggja samborgara sína í umferðinni í verulega hættu. Önnur brot í þessum flokki eru hraðakstur, ekið gegn rauðu ljósi, hættuleg akreinaskipti og ölvunarakstur. Aggressive körning og þ.m.t. nálægðarakstur er eitt megin verkefni lögreglunnar í Svíþjóð á sviði umferðaröryggismála skv. nýrri skýrslu (Polisens trafiksakerhetsarbete, sjá www.polisen.se).

Í Danmörku varðar of stutt bil milli bíla punkt í ökuferilsskrá.

Til þess að mæla of stutt bil milli bíla hafa lögreglumenn notað skeiðklukkur og í seinni tíð myndavélar (t.d. í Noregi). Víða má sjá rákir á vegum (sjá mynd) sem gefur til kynna hvert bílið á að vera. Það er mismunandi eftir hámarkshraða og aðstæðum. Engar töflur þessa efnis fundust þrátt fyrir ítarlega leit.



Of stutt bil milli bíla er umhugsunarefni á Íslandi. Aftanákeyrslur eru algengustu umferðarslysinn ár hvert. Fjölgun 2+1, 2+2 vega á Ísland kann að þýða breytingu þar sem hörðum framanákeyrslum fækkar en aftanákeyrslum á 80-100 km/klst. hraða fjölgar.

5. Akstur undir áhrifum stera

Hjá Rannsóknarstofu í lyfja- og eitrefnafræði fengust þar upplýsingar að ekki eru til tölur um akstur undir áhrifum ólöglegra stera. Leit að sterum er ekki hluti af skimun eftir ólöglegum lyfjum ökumanna á Íslandi. Að mati rannsóknarstofunnar er um afar sérhæfða og flókna rannsókn að ræða. Eins og sakir standa í dag er slíkt einungis á færi vottaðra rannsóknarstofa sem sérhæfa sig í skimun eftir vefaukandi sterum íþróttamanna erlendis.

6. Skilgreining á grófum akstri

Í skilgreiningu sinni á grófum akstri/ofsaakstri hefur rannsóknarnefndin miðað við akstur þar sem ekið er 1,5-2,0x yfir leyfðum hámarkshraða.